

1. framkvæmdastjórnarfundur starfsárið 2008-2009

Landsambands æskulýðsfélaga

Haldinn í *Hinu húsinu*

Sunnudaginn 1. júní 2008 milli kl. 15:00 – 17:00

Mættir: Agnar Bragi, Bragason, Davíð Örn Sveinbjörnsson, Íris Ösp Sveinbjörnsdóttir, Jón Þorsteinn Sigurðsson, Sindri Snær Einarsson

1. Fundur settur klukkan 15:20 og fundargerð síðasta fundar lögð fram til atkvæða

Fundargerð samþykkt - Athugasemd um að passa að þeir sem séu mættir á fundinn, jafnvel þegar um símafund er að ræða, séu skráðir.

2. Fundargerð sambandsþings 17.5.2008 lögð fram til skoðunar

Fundargerð sambandsþings – athugasemd kom fram um að það vantaði frekari upplýsingar um þær spurningar og umræður sem vörðuðu reikninga félagsins.

3. Reikningar 2007

- Álit skoðunarmanna
Farið í gegnum athugasemdir skoðunarmanna.

Varð.: Priority Pass

-Priority Pass skiptin voru 4 eða 5 skipti og tengdust millilendingum framkvæmdastjórnans.

-Rætt um stefna stjórnar í þessum málum og sammæli um að þegar um er að ræða langa bið á flugvöllum þegar um millilendingu er að ræða, sé heimilt að nýta sér svona Priority Pass Lounge.

Varð.: málefni Andrésar Jónssonar

-Andrés Jónsson, fékk 10.000 króna lán

-Höskuldur gat ekki munað hvað 15.000 kr. VISA reikningur v/Andrésar Jónssonar var, þetta er óvitað.

-Agnar gengur í það að ganga frá málefnum Andrésar gagnvart LÆF

Varð.: fylgiskjöl v/VISA

-Samkvæmt Agnari kom Höskuldur með þá útskýringu á vöntun á fylgiskjöllum v/VISA að Ícelandair skiptir stundum reikningum.

-Höskuldur ætlar að sækja viðskiptayfirlit hjá Ícelandair vegna þessara ferða og Agnar mun fylgja því eftir.

Varð.: sundurliðun v/viðskiptamanna í skammtímakröfum.

Agnar fylgir eftir að Höskuldur gefi útskýringar á þessu.

Almennt í tengslum við álit skoðunarmannanna

-Jón vekur athygli á ítarlegu starfi skoðunarmannanna, og einnig að þeir eru bundnir trúnaði við félagið.

- Umræður um reikninga og vinnslu við bókhald 2007 er saltað og beðið er eftir frekari upplýsingar vegna athugasemdir skoðunarmanna.
- Það er eindregið álit stjórnar að reikningar félagsins og bókhald verði gegnsætt, og að gjaldkeri, fylgist reglulega með. Íris minnst á plan um mánaðarleg yfirferð gjaldkera yfir reikninga félagsins með framkvæmdastjóra.
- Pálína mun miðla til Agnars einhverskonar Excel skjali vegna bókhaldsins til að auðvelda yfirlit.

4. Skrifstofa LÆF

- Ráðningarsamningur og starfshlutfall framkvæmdarstjóra.

Stjórn samþykkir að gefa Jóni umboð til að gera breytingar á ráðningarsamningi við Agnar sem njóta gagnkvæms samþykki og sem fela í sér að í stað 100% starfshlutfalls, verði um 50% starf að ræða og að laun verði um 160.000 kr. og innifalið verði aksturshlunnindi. Þá var einnig samþykkt að setja inn í ráðningarsamninginn klausu um að utanbæjarferðir verði greiddar sérstaklega.

- Opnunartími skrifstofu.

Stefnt er að því að hafa fastann opnunartíma á skrifstofunni frá 10-12, en að tilkynnt er að hægt sé að hafa samband við starfsmann félagsins á öðrum tímum í síma félagsins.

Hvatning til stjórnarinnar að heimsækja skrifstofu félagsins og starfsmanninn reglulega, til að bæta tengsl framkvæmdarstjórnarinnar við framkvæmdastjóran og félagið.

Íris stingur upp á að haldin skuli vinnuskýrsla, og Agnar tilkynnir að hann geri það nú þegar. Stjórnin fagnar þessu, sem jákvæðum vinnubrögðum.

- Starf framkvæmdastjóra og stjórnar

Rætt um að starf framkvæmdastjóra sé fyrst og fremst rekstur félagsins, en einnig að taka þátt í framkvæmdum félagsins.

Rætt um að stjórnarmeðlimir hafi skilgreind hlutverk. Jón finnur gögn sem voru afhent í fyrra og Agnar mun áframsenda á stjórnarmeðlimi.

- Bókhalds-málefni og eftirfylgd með fjárreiðum LÆF.

Gjaldkeri mun fylgjast með bókhaldi og reikningum mánaðarlega og mun fylgjast með launa- og skattamálum sérstaklega

Íris lætur vita af því að hún kunni að hefja störf annarsstaðar eftir fæðingarorlof, en muni í kjölfarið finna nýjan Gjaldkera ef vilji er fyrir því.

5. Stefna framkvæmdastjórnar í málefnum SAMFÉS

Bið er í þessum málefnum. Beðið er eftir upplýsingum um fjárreiðumál og gang málsins hjá umboðsmanni Alþingis. Jón leggur fram hugmynd um að biðja um formlegt bréf frá Samfés, þannig að stjórn LÆF sé með gögn í höndunum, sér í lagi gagnvart aðildarfélaginu.

Samþykkt var á sambandsþingi að Samfés væri löglegur aðili að LÆF, og stjórnin getur ekki farið gegn því.

Framkvæmdastjóri og formaður munu semja bréf til Samfés, og senda afrit á hina í stjórninni.

Framkvæmdastjóri mun einnig senda bréf til Umboðsmanns með fyrirspurn um gang Samfés-málsins.

Rætt um félögin þrjú sem sögðu sig úr félögunum og hvernig sé hægt að fá þau inn í félögin.

Rætt um lagabreytingar til að laða að þessi stærri félög með því t.d. að gefa þeim fleiri fulltrúa á sambandsþingi.

Tillaga kom fram um að ræða þessi mál á fulltrúaráðsfundi í haust og þá að bjóða stærri félögunum inn á fundinn. Tillagan var samþykkt.

Agnar vill koma því áleiðis að samstarfið við þessi þrjú félög hefur gengið afskaplega vel, Skátarnir hafi lánað LÆF tjald á lifandi bókasafni. Agnar var á fundi með Evrópu unga fólksins sem rekin er af UMFÍ og þar kom fram mikill vilji um samstarf og að EUF nái til aðildarfélaganna

6. Vefsíðumál

- Rætt um uppfærslu á vef félagsins www.youth.is

Agnar hefur haft aðgang að heimasíðunni í smá tíma, og hefur verið að uppfæra grunnupplýsingar um félagið o.p.h. og segir að síðan í dag sé algjörlega uppfærð og réttar. Í dag er stuðst við vefkerfi sem kallast DC-10, og kerfið er mjög þunglamalegt skv. Agnari.

- Innri þjónustuvefur fyrir aðildarfélög LÆF (ABB)

Rætt hefur verið við Þekkingu vegna innra þjónustunets. Hugmyndin er að bjóða félögum upp á kerfi fyrir sitt svæði þar sem að félögin geta vistað t.d. upplýsingar um félagið sjálft sem og önnur innri gögn og fréttir. Einnig eru hugmyndir um að bjóða upp á að félögin geti sent fréttir sínar inn á ytri vefinn og tengja þannig saman ytri og innri vefinn. Agnar kynnti og útskýrði tilboð Þekkingar í innri þjónustuvefkerfi fyrir LÆF.

- Hugmynd um æskulýðsgáttina lögð fram til kynningar

Jón og Agnar hafa rætt við Þekkingu og rætt hugmyndir um hvort að félagið eigi að búa til nýja vefsíðu, sem væri í einhverskonar formi þar sem eru RSS straumar og fleiri tól og tæki, boðið upp á fleiri fréttir s.s. frá aðildarfélögum og European Youth Forum. Jón hefur góða reynslu af svipuðum kerfum.

Einnig að kaupa og eiga lén sem heita æska.is, youth.is og aeska.is og að síðan sé mjög góð til miðlunar á upplýsingum t.d. frá menntamálaráðuneytinu o.s.frv.

Ákvörðun tekin um að ganga fyrst í ytri vefsíðumál.

Ákveðið að lagt skuli af stað í ytri heimasíðumálefni, og deadline er að fyrir næsta stjórafund muni verða komin tilboð í nýja heimasíðu. Agnar mun utan um tilboðsbeiðnir.

Ábending um að sá vefur og sú þjónusta sem keypt verði, bjóði upp á að hægt verði að próa vefinn auðveldlega í framtíðinni.

Stjórnin mun ræða málin í gegnum G-mail, Sindri mun halda utan um það kerfi. Stjórnarmeðlimir sendi honum e-mail um G-mail addressuna og stofni slíka addressu sé þörf á því.

Farið verður í greiningu á innra netinu, þörfina sem og fjármögnunarsjónarmið s.s. að beita þessu í fjárlagaviðræðum, Jón og Agnar munu halda áfram með þessi mál.

7 Verkefnastaða

- Lifandi bókasafn á menningarnótt

Agnar kynnrir aðstæður og plön. Hugmyndir um að stofna vinnuhóp og senda á félögin beiðni um hugsanlega aðila að vinnuhóp. Agnar ætlar að kanna hvort að Ólöf sem tengdist þessu verkefni í fyrra, sé tilbúin að vera verkefnastjóri verkefnisins. Agnar stingur upp á að reyna að fá aðildarfélög til að redda einni bók á bókasafninu Agnar mun halda utan um þetta gagnvart stjórninni.

- Þing unga fólksins í október

Gaman væri að geta fengið Alþingishúsið lánað. Agnar hefur yfirumsjón með þessu. Stjórnarmálhreyfingarnar koma mikið nálægt þessu Pálína segir að UJ sé mjög ánægð með þetta.

- Et Norden (ABB)

Þrír einstaklingar eru að fara til Finlands í júní á þessa ráðstefnu. Einn frá SÍF (Sindri) og einn frá SUF og svo Pálína. Ráðstefnan gengur út á að efla samstarf minnihlutahópa á norðurlöndunum og skapa grundvöll fyrir samvinnu ólíkra félaga og læra að sækja um í styrktarsjóðum.

- Fréttabréf LÆF

Stefna að því að gefa reglulega út fréttabréf. Davíð og Agnar munu ganga í þetta, og gefa út fyrsta fréttabréfið 12. ágúst á degi æskunnar og kanna hvort að prenta eigi út einhver eintök.

- Skipan í Fulltrúaráð LÆF og áætlun um fyrsta Fulltrúaráðsfund LÆF í sumar eða haust og möguleg málefni á þeim fundi.

Sindri og Agnar munu halda utan um þetta. Stefnt er á haustið sem dagsetningu

8. Önnur mál:

- Agnar er kominn með tölvu og gögn frá Höskuldi
- Fundur með Evrópu Ungu Fólksins, hugmynd um að bjóða þeim á fulltrúaráðsfund. EUF hafa áhuga á að komast að okkar aðildarfélögum
- Pálína spyr hvaða ferill sé í tengslum við rúkkun á árgjöldum aðildarfélaga, tvær aðferðir, annarsvegar greiðsluseðlar og hinsvegar óformleg beiðni um greiðslu í gegnum tölvupóst.
 - Heimabankagreiðsluseðlarnir eru leiðin sem farin verður
 - Spurning um að rúkka í haust fyrir árið 2008 og hafa eindaga helst í október, þannig að félög séu ekki að greiða þetta á nýju ári.

Ræða félagsgjaldaliði á næsta fundi

- Pálína spyr um hvernig gekk hjá Agnari úti í Youth Forum-inu. Agnar segir frá að áhersla sé lögð á heilbrigðismál.
- Sindri ræðir Lógó-ið hvort að það sé þörf á að breyta.
- Agnar, ræðum um auglýsingastyrki, Agnar hefur draftað auglýsingabeiðni. Ræða þetta á fulltrúaráðsfundi
- Íris minnst á að laða inn ný félög, s.s. ungmennaráð Reykjavíkur.
- Davíð minnst á að vera LÆF eigi að vera duglegt að senda fréttatilkynningar
- Dreifa atburðum yfir tíma og dagsetningar.
- Rætt um að hægt sé að hafa skoðanir á æskulýðsmálum opinberlega.
- Fundartímar – mælt með að hafa fundi eftir vinnutíma í viku. Fundur verður væntanlega boðaður í lok júní.

9. Fundi slitið kl. 17:31